

5.

GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR
SKÓLAMAÐ

Úrdráttur úr innleggi á vorþingi 31.05 1992

Ég hóf mál mitt á að spyrja : Hvað einkennir "öflugt" skólastarf ? - Hvernig starfar góður skóli ? - hvernig vinnur "góður" kennari ? - Hvert er inntak og hvernig eru kennsluhættir "góðs" skóla ?
Við þessum spurningum eru ekki nein einshlít svör.

Ég kvaðst ekki ætla að tala um viðvarandi kennaraskort á landsbyggðinni - skort á sérgreinakennurum - skerta skólasetu etc.etc.Ég kvaðst hins vegar ætla að velta upp spurningunni : Er hugsanlegt að skólinn dragi taum ákveðinna menningarþátta umfram aðra ?

Ég byggði umfjöllun mína á að miklu leyti á rökum ættuðum frá Noregi, en þar í landi hefur frá lokum síðari heimsstyrjaldar átt sér stað mikil umræða um málefni dreifbýlisins.

Ég skilgreindi þjóðarmenningu sem ákveðna heild sem felur í sér ólíka menningarþætti sem endurspeglar lífnaðarhætti ólíkra hópa í þjóðfélaginu. hugtakið bæjarmenning notaði ég í umfjöllun minni sem andstæðu við hugtakið landsbyggðarmenningar.

Í þessu sambandi vitnaði ég til norska fræðimannsins Karl Jan Solstad :
"Dæmigert fyrir þróun iðnríkis er að menn hafa tilhneigingu til að reyna að yfirfæra alla þætti velmegunar bæjarsamfélagsins yfir á landsvæði þar sem enginn iðnaður er fyrir hendi. Þannig er sóst eftir því að yfirfæra óbreytta þá þætti velmegunarinnar, sem iðnþróun gerir mögulega, yfir á svæði þar sem engin iðnþróun hefur átt sér stað. Landsbyggðarmenningin vísar á meðan bæjarmenningin ákveður leikreglurnar. "
(Solstad 1978)

Hvað gerist þegar framandi menningarþættir verða ráðandi í hinu opinbera lífi samfélagsins án þess að reynt sé að laga þá að menningarlífi samfélagsins sjálfs ?

Ég svaraði með því að vísa til annars norsks fræðimanns Anton Hoem sem segir m.a.

"Menntun er máttur, sem leiðir til aukins skilnings
eða frekari vanmáttar"
(Hoem 1979)

Í þessu sambandi benti ég á að Hoem væri ekki einn um þessa skoðun - meðal skoðanasystkynna hans eru Paolo Freire og Ulrika Leimar.

Ég benti á að í Noregi hafi mikið verið lagt af mörkum til að tryggja jafnrétti til menntunar óháð búsetu. Samt sem áður er en langt í land áður en markmiðinu um fullt jafnrétti er náð.

Ég vísaði til talsmanna norsks dreifbýlis sem spyrja m.a. hvort:
"...skólinn gegni virku hlutverki í að brjóta niður smærri samfélög -sérstaklega í dreifbýlinu." (Solstad 1978)

Ennfremur er spurt :

"...Viljum við að skólinn gegni þessu hlutverki ? "

(ibid.)

Rannsóknir sem sýna að norskkir grunnskólanemar eru háðir námsefninu, ósjálfstæðir í hugsun og eiga erfitt með að koma auga á samhengið milli þess sem þeir læra í skólanum og raunveruleikans utan skólans.

Ég spurði hvort ástæða væri til að ætla að íslenskir grunnskólanemendur væru betur staddir hvað þetta varðaði .

Hvað er til ráða ? - er hægt að snúa vörn í sókn ?

Kennarastarfið er lykillinn að velheppnuðuskólastarfi og heillavænlegri þróun. Það er kennarinn sem í samvinnu við nemendur sér um að miðla og endurnýja arfleifið okkar og þjóðareinkenni . Vel menntaðir nemendur sem þekkja vel sitt nánasta umhverfi og skilja menningu og hugarheim nemenda sinna eru forsenda þess að skólastarfið þróist í nánú sambandi við þá.

Grunnskólinn er ríkisstofnun, þ.e. hann lýtur yfirstjórn íslenska ríkisins. Markmiðið er að mæta kröfum og óskum þjóðfélagsþegnanna um skólagöngu og menntun.

Þrátt fyrir að Ísland sé tiltölulega einsleitt land, hvað varðar kynþætti, menningu og tungu, verður ekki fram hjá því komist að heimur barnsins sem elst upp á Jökuldalnum er mjög frábrugðinn heimi barnsins sem elst upp í Safamýrinni í Reykjavík ,svo dæmi séu tekin.

Nýjaruppeldis- og kennslufræðilegar rannsóknir hafa leitt í ljós mikilvægi þess að umhverfi og menningarþættir sem nemandinn elst upp í, séu hafðir að leiðarljósi við allt skólastarf.

Í aðalnámskrá grunnskóla er skólum gefið frjálst að að velja þær kennsluáðferðir og þau námsgögn, sem best eiga við.

Í þeim kafla aðalnámskrárinnar sem fjallar um viðfangsefni og námsgögn segir m.a. :

"...kosta þarf kapps um að tengja viðfangsefni námsins lífi og umhverfi nemenda og hugðarefnum þeirra."

Sjálfstæður skóli er að mínu mati ekki innantómt slagorð ; Sjálfstæður skóli er vænleg leið til að ná fram jafnrétti/jafnræði allra nemenda óháð búsetu ,kynþætti,kynferði.

Til að ná markmiðinu um sjálfstæðan skóla þarf fyrst og fremst að koma til hugarfarsbreyting, ekki einungis hjá þeim sem í skólunum starfa.

Hugarfarsbreytingin þarf einnig að ná til þeirra sem starfa við rannsóknir og ráðgjöf í skólamálum og við kennaramenntunarstofnanir.

Ef til vill væri heillavænlegt að byrja á að kveða niður, það sem ég veldi kalla "meðaltalsdrauginn". Rannsóknir sem sýna að 19% þetta eða 20% hitt geta átt rétt á sér, en enginn skyldi halda að þær einar og sér færi okkur nær góðum sjálfstæðum skóla.

Sömu sögu er að segja um peningatilfærslur eða aukið fjármagn eitt og sér. Til að aukið fjármagn nýtist skólunum til meira sjálfstæðis þarf að þjálfa og mennta starfslid skólana í að setja markmið, rökstyðja og meta þau út frá því umhverfi sem skólarnir eru hluti af.

Þá fyrst getum við talað um góðan sjálfstæðan skóla.

Egilsstöðum á fyrsta degi júnímánaðar 1992

Guðrún (eystri) Jónsdóttir
dreifbýlistútta og kvennremba.